

LÖG

um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005 (ökutæki flóttamanna frá Úkraínu).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Einstaklingur sem hefur á árinu 2022 eða síðar flutt ökutæki inn til landsins án greiðslu aðflutningsgjalda á grundvelli a-liðar 4. tölul. 1. mgr. 7. gr., sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 630/2008, getur óskað eftir framlengingu á greiðslufresti aðflutningsgjalda í 12 mánuði frá umsóknardegi, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Ökutækið hefur skráningarnúmer frá Úkraínu.
- Skráður eigandi ökutækisins er úkraínskur ríkisborgari sem hefur fengið dvalarleyfi hér á landi af manúðarástæðum skv. 44. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016.
- Eigandi ökutækisins var skráður eigandi ökutækisins á því tímamarki þegar hann fékk dvalarleyfi hér á landi, sbr. 2. tölul.
- Lagt sé fram skoðunarovottorð frá skoðunarstofu hér á landi sem sýnir að ökutækið hafi hlotið aðalskoðun, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 414/2021 um skoðun ökutækja.
- Lagt sé fram alþjóðlegt váttryggingarskírteini eða önnur skilríki um gilda ábyrgðartryggingu vegna notkunar ökutækisins á hinu framlengda tímabili, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1244/2019 um ökutækjatrýggingar.

Heimild skv. 1. mgr. gildir til og með 31. desember 2024.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 23. maí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.